



Reykjavík, 29. apríl 2021

Minnisblað

Sendandi: Alda Árnadóttir, Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, Ólöf Kristín Sívertsen, Sigríður Marteinsdóttir, Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir

Efni: Aðgerðir sem skóla- og frístundasvið hefur þegar gripið til, og til hvaða frekari aðgerða sviðið hyggst taka í þeim tilangi að bregðast við áhrifum Covid-19 faraldursins.

Við upphaf Covid-19 faraldursins var lögð áhersla á standa vörð um grunnstoðir samfélagsins þar sem skóli- og frístundastarf barna og unglinga gegnir mikilvægu hlutverki. Stöðugleiki og festa í skóla- og frístundastarfi veitir börnum öryggi og dregur úr álagi og streitu hjá foreldrum. Áhrif Covid-19 faraldursins mun án efa hafa margskonar áhrif til framtíðar hjá hópi barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra. Fulltrúar skóla- og frístundasviðs hafa beint sjónum sínum sérstaklega að viðkvæmum jaðarhópum, þ.m.t. börnum af erlendum uppruna en ljóst er að atvinnumissir er hlutfallslega meiri meðal foreldra barna af erlendum uppruna. Sá hluti barna sem býr við félagslegar og efnahagslegar þrengingar er einnig mikið áhyggjuefni. Síðast en ekki síst eru það börn sem eiga við fjölþættan vanda að stríða.

Skóla- og frístundasvið lagði til að sérstök áhersla yrði lögð á eftirfarandi þætti í tengslum við áhrif Covid-19 heimsfaraldursins:

- a) Að haldið yrði úti sem mestu skóla- og frístundastarfi, í því felst að fylgjast með því hversu mörgum börnum er haldið heima að ósk foreldra vegna faraldursins
- b) Að fylgjast með líðan og högum barnanna (úr nemendakönnunum Rannsókna og greiningar og Skólapúlsins)
- c) Að fylgjast með hvort foreldrar eru að draga úr kaupum á þjónustu eða lenda í vanskilum vegna fjárhagstöðu sinnar sem afleiðing samdráttar og/eða atvinnumissis vegna Covid.

Í janúar 2021 skiluðu fulltrúar SFS í borgarvaktinni inn ítarlegu minnisblaði þar sem farið var í ofangreind atriði. Það verður aftur gert með minnisblaði í ágúst/september.

Skólasókn á tímum Covid

Í upphafi var vel fylgst með skólasókn barna og hversu mörgum börnum er haldið heima að ósk foreldra vegna faraldursins. Góð tók náðust á þeim þætti með góðum upplýsingum til foreldra

og nánum stuðningi hvers skóla við sinn nemenda- og foreldrahóp. Mjög fáum börnum er haldið heima vegna faraldursins á síðustu mánuðum.

Líðan barna og virkni

Niðurstöður nemendakannana hafa m.a. verið nýttar til að fylgjast með líðan barna og virkni, þá hefur lýðheilsu- og forvarnateymi SFS fylgt vel eftir niðurstöðum frá Rannsóknnum og greiningu og hafa verið haldnir hverfafundir með stjórnendum og þeim sem leiða lýðheilsu- og forvarnarstarf í skólum, félagsmiðstöðvum og þjónustumiðstöðvum hvers hverfis undanfarin 5 ár. Þetta hefur verið góður vettvangur til að ræða stöðuna, heyra hvað aðrir eru að gera varðandi heilsueflingu og forvörnum og hvernig aðilar hafa nýtt niðurstöðurnar til að forgangsraða slíkum lýðheilsuaðgerðum. Þessir fundir hafa án efa ýtt undir enn þéttara samstarfs grunnskóla og frístunda- og félagsmiðstöðva. Margir fá einnig fulltrúa frá Rannsóknnum og greiningu til að vera með kynningu á niðurstöðum fyrir foreldra og þannig styrkt samstarf heimilis og skóla/frístunda- og félagsmiðstöðva. Þessir fundir eru alla jafna vel sóttir og sérstaklega á Covid tímum þegar þeir fóru fram á netinu. Slíkir fundir voru síðast haldnir í janúar 2021.

Leikskólastarfið

Leikskólar tóku upp fjölbreyttari leiðir í samskiptum við foreldra. Almenn upplýsingagjöf var aukin og hringt reglulega í þá foreldra sem kusu að hafa börnin heima. Námsfni og verkefni voru send heim og sérstaklega var hugað að þeim börnum sem voru í viðkvæmri stöðu. Nokkrir leikskólar steymdu samverustundum til foreldra til að stytta stundir og halda tengslum við þá sem ekki komust í leikskóla. Foreldrum sem þurftu að ganga á orlofsdaga var boðið að stytta sumarleyfi barna sinna um 10 daga. Skólaþjónustan í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum sendu út bréf til foreldra þar sem þeim var gefin kostur á að hafa samband og fá ráðgjöf vegna svefnvanda, uppsetningu á sjónrænu skipulagi, félagsfærnisögur og fl.

Flakkandi félagsmiðstöð

Félagsmiðstöðvarnar í Reykjavík héldu sumarið 2020 úti flakkandi félagsmiðstöð sem hlaut nafnið Flotinn. Starfsfólk Flotans sinnti vettvangsstarfi í hverfum borgarinnar, var til staðar fyrir unglingana, fylgdist með óæskilegri hópamyndun, stóð fyrir uppákomum úti við og fór í heimsóknir til unglinganna í félagsmiðstöðvar og Vinnuskólann. Flotinn starfaði þvert á borgina og var í samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög. Flotinn var með puttann á púlsinum og voru dugleg að miðla gagnlegum upplýsingum úr starfinu til t.d. þjónustumiðstöðvanna. Það var hindrun í þeirra starfi hvað var erfitt vegna sumarfría t.d. á USK, hjá Barnavernd o.s.frv. að fá

stuðning innan kerfis þegar eitthvað kom uppá, hver vísar á annan og ekki skýrt hvert ætti að leita. Flotinn hefur einnig verið starfandi veturinn 2020-2021. Félagsmálaráðuneytið studdi við verkefnið og hefur verið sótt um stuðning þess til að starfrækja Flotann aftur sumarið 2021. Sjóðnum sem sótt er í er ætlað að styðja við þau sveitarfélög sem, vegna COVID-19, hyggjast auka við frístundastarfsemi fyrir börn í sérstaklega viðkvæmri stöðu 2021 umfram hefðbundið starf.

Félagsmiðstöðvarnar í Reykjavík hafa líka sett aukinn kraft í sértækt hópastarf og stutt við foreldrarölt í hverfum borgarinnar. Einnig hafa þær þurft að aðlaga sig að því á styttri og lengri tímabilum að þurfa að loka félagsmiðstöðvum vegna Covid og hafa þá fært starfsemi sína yfir á stafrænt form og í auknu mæli boðið upp á útivist í starfseminni. Starfsfólk félagsmiðstöðva hefur verið vakandi yfir líðan barna og unglunga og hefur haft frumkvæði að því að hafa samband við einstaklinga sem það hefur áhyggjur af og hvatt unglunga sem eru áhyggjufullir að hafa samband við félagsmiðstöðvastarfsfólk.

Frístundamiðstöðvar tóku virkan þátt í að gera borgina skemmtilegri í gegnum Sumarborgina Reykjavík. Ráðnir voru tveir verkefnastjórar á hverja frístundamiðstöð til verksins. Boðið var upp á margs konar viðburði um alla borg sem voru með það markmið að fjölga samverustundum, styrkja félagstengsl og búa til ánægjustundir. Meðal þess sem að var í boði voru heimagerðar vatnsrennibrautir sem voru settar upp víða (slip 'n slide), plöntumarkaður þar sem íbúar gátu komið og fengið fræðslu um plöntur og aðstoð við að sá fræum, skiptibókahillur útivið og í undirgöngum, það var sett heimsmet í lautarferð um alla borg, boðið upp á sundlaugapartý, kaffikósý og spil, þrjónakaffi, rafrænir ratleikir settir upp í hverfum og margt fleira. Íbúar tóku vel í þessa viðbót í borginni því að þátttaka var mikil og ánægjulegt að frístundamiðstöðvar í Reykjavík hafi staðið fyrir skemmtun og gleði fyrir allan aldur.

Hjálpar- og samhæfingarteymi

Hjálpar- og samhæfingarteymi voru sett af stað í öllum borgarhlutum með þátttöku fulltrúa frá skrifstofu SFS (sem sat fundi allra hverfanna), þjónustumiðstöðva og frístundamiðstöðva. Hjálparteymunum var uppálagt að samhæfa vinnu milli skóla, skólaþjónustu og frístundamiðstöðva í viðkomandi borgarhluta í málefnum einstakra barna og hópa sem ekki mæta í skóla vegna Covid. Síðan var starfandi samhæfingarteymi sem ætlað var að hafa yfirsýn yfir málefni barna og unglunga í skóla- og frístundastarfi borgarinnar sem metin eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Í teymunum var farið yfir tölulegar upplýsingar um hversu mörg börn voru ekki að mæta í skólann vegna Covid-19 og hvernig hægt væri að mæta þessum börnum í viðkvæmri stöðu.

Skóla- og frístundasvið vill gjarnan að fylgst verði vel með þátttöku í skipulögðu íþrótt og tómstundastarfi ekki aðeins út frá niðurstöðum R&G heldur einnig skráningu í íþróttir og tómstundir í gegnum NORA skráningarkerfið (ef hægt er). Þátttaka í slíku starfi hefur mikið

forvarnargildi fyrir góða lýðheilsu. Þá ber sérstaklega að horfa til þess hvort börn af erlendum uppruna séu að detta meira út úr starfinu en önnur börn en í gegnum árin hefur þátttaka þeirra verið minni.

Í fyrra varð aukning í fjölda þeirra sem nýttu sér sumarfrístundina þar sem fáir fóru erlendis um sumarið. Líklega að það verði aftur raunin í ár en hugsanlegt að börn frá tekjulægri fjölskyldum sitji eftir heima.

Vanskil foreldra hafa ekki aukist s.l. ár varðandi greiðslu leikskólagjalda, frístundagjalda eða skólamáltíðir. Alvarlegum vanskilum sem leiða til uppsagna á vistun barna hefur ekki fjölgað.

Stuðningur við starfsfólk á starfsstöðvum SFS

Stjórnendur hafa verið hvattir til að sinna starfsmannahópnum vel, bæði með fræðslu um álag og kvíða og eflingu starfshópsins. Stjórnendur hafa verið með rafræna fræðslu og hefur sá háttur styrkt mjög við starfsmannahópna. Þá hefur mannauðssvið SFS veitt stjórnendum stuðning við ýmis starfsmannamál sem tengjast afleiðingum Covid og áhrifum þess á fólk og störf þeirra auk þess að bjóða upp á fræðsluerindö „Hlúum að fólkinu“. SFS gaf fallegar jólagafir út á starfsstaðina og sömuleiðis páskaegg. Stjórnendur voru hvattir til að gera sérstaklega vei við sitt fólk til að auka gleði og styðja við starfsandann.

Áhrif til framtíðar

Náið verður fylgst með hvernig Covid áhrifin munu mögulega birtast í upphafi nýs skólaárs 2021. Mikilvægt er að fylgjast vel með þeim mælum sem gerðar eru varðandi líðan bæði nemenda og starfsfólks og vinna þétt með starfsstöðvum í að bregðast við.

Skóla- og frístundasvið mun fylgjast náíð með niðurstöðum þeirra kannana sem lagðar eru fyrir nemendur og starfsfólk og leggja áherslu á að bregðast við ef hættumerki eru. Þá er mikilvægt að samstarf við velferðarsvið verði áfram gott og allir þeir aðilar sem koma að börnum og unglíngum vinni náíð saman til að ná vel utan um barna- og unglíngahópinn.

Mikil áhersla er á að tryggt verði fjármagn til að hægt sé að ráða fleiri frístundafræðinga til starfa og samstarf skóla- og frístunda- og félagsmiðstöðvastarfs verði þétt enn frekar, með það að leiðarljósi að bæta líðan og efla félagsfærni og sjálfsmynd barna og unglínga. Þá eru stjórnendur og starfsfólk skólanna hvatt til að fylgjast vel með nemendum ef einhverjar vísbendingar eru um versnandi stöðu eða líðan. Áhersla er lögð á að auka skapandi skólustarf til að mæta þörfum allra nemenda og samstarf við þjónustumiðstöðvar aukið enn frekar.